

# Framtíðarskólinn

Skólaþing sveitarfélaga 2007  
haldið á Hilton Reykjavík Nordica  
30. nóvember 2007



Framtíðarskólinn  
Niðurstöður Skólaþings sveitarfélaga sem haldið var í Reykjavík  
30. nóvember 2007  
Umsjón með útgáfu: Svandís Ingimundardóttir  
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
© Samband íslenskra sveitarfélaga - Þróunar- og alþjóðasvið 2008  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
Netfang: [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)  
Veffang: [www.samband.is](http://www.samband.is)  
2007/8



# FRAMTÍÐARSKÓLINN

## Skólaping sveitarfélaga

- Hilton Reykjavík Nordica 30. nóvember 2007

Fundarstjórar: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ,  
og Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri



8:50 Skráning

9:10 **Setning**

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

9:30 **Frumvörp til laga um leik- og grunnskóla**

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, formaður grunnskólalaganefndar  
Valborg Snævarr, formaður leikskólalaganefndar

10:00 **Áhrif frumvarpanna á skólahald sveitarfélaga**

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

10:30 **Kaffihlé**

Kynningar á nýbreytniverkefnum sveitarfélaga í skólamálum

11:00 **Umræður við hvert borð**

Rætt um ný og breytt frumvörp til laga um leik- og grunnskóla

11:30 **Ávarp menntamálaráðherra**

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra

11:45 **Fyrirspurnir til menntamálaráðherra frá umræðuhópum**

12:00 **Hádegisverður**

Kynningar á nýbreytniverkefnum sveitarfélaga í skólamálum

13:00 **Mótun framtíðarsýnar í grunnskólumálum**

*Samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands*

*Upphafleg hugmynd og framkvæmd hennar*

Karl Björnsson, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins

*Starfið og væntingar til afrakstursins*

Ragnar Þorsteinnsson, fræðslustjóri menntasviðs Reykjavíkur  
Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla

13:30 **Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Kristín Hreinsdóttir, nefndarmaður í skólamálanefnd

13:50 **Panelumræða um skólamálastefnuna með fyrirspurnum úr sal**

María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla  
Kristín Jónsdóttir, formaður Skólamálanefndar FG  
Gunnar Gíslason, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar  
Finnbogi Rögnvaldsson, formaður fræðslunefndar Borgarbyggðar

14:20 **Umræður við hvert borð**

Rætt um skólamálastefnuna og áframhald faglegs samstarfs á sviði skólamála


14:50 **Er framtíðarskólinn í burðarliðnum?**

Karl Frimannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla  
Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla

15:20 **Niðurstöður og umræður**

16:00 **Pingslit**

Léttar veitingar í boði Sambands íslenskra sveitarfélaga





# Inngangur

Þann 30. nóvember 2007 var haldið Skólaþing sveitarfélaga\* á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Framtíðarskólinn“. Er þetta öðru sinni sem sambandið gengst fyrir skólaþingi en það fyrra var haldið árið 2004. Til stendur að halda skólaþing annað hvert ár en málstofu um skólamál hitt árið. Var fyrsta málstofa um skólamál\* haldin 6. mars 2006 með rannsakendum skólamála og þótti takast vel.

Markmið slíkra þinga og málstofa er að stefna saman stjórnendum og stefnumótendum skóla- og fræðslumála til að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga annars vegar og hins vegar þessara sömu aðila og fræðimanna á sviði skóla og menntunar.

Skráðir þátttakendur á skólaþingið voru 210 talsins en sökum vonskuveðurs og ófærðar komust einungis um 150 þeirra til þingsins. Af þeim voru 49 kjörnir fulltrúar, eða um þriðjungur þátttakenda og 12 ráðnir bæjar- eða sveitarstjórar, eða 8 prósent. Aðrir starfsmenn sveitarfélaga, sambandsins og menntamálaráðuneytisins voru ríflega 90. Heildarfjöldi þátttakenda með fyrirlesurum, sem flestir tóku virkan þátt í dagskrá þingsins, var því 161. Yfir 70% þátttakenda á skólaþinginu komu frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Að loknu þingi, nánar tiltekið í byrjun desember, var gerð könnun á viðhorfi þátttakenda til m.a. gagnsemi þingsins og verður gerð grein fyrir niðurstöðum hennar í lok skýrslunnar.

Í opnu rými framan við þingsalinn fór fram kynning á fjölbreyttum nýbreytniverkefnum\* sem unnið hefur verið að í sveitarfélögum, þ.m.t. tilraunverkefni\* sambandsins um öflun samanburðarhæfra lykiltalna um skólahald sveitarfélaga.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson\*, setti skólaþingið og sagði meðal annars í ávarpi sínu að skólamál væri sá málaflokkur sveitarfélaga sem tæki til sín mesta fjármuni en hann væri jafnframt sá mikilvægasti. Markmiðið hlyti því að vera að nýta það fjármagn sem best og nást þyrfti um það breið samstaða allra þeirra sem bera sameiginlega ábyrgð á þessum kostnaðarsama

rekstri. Skólinn væri lykilstofnun sem undirbyggi börn undir virka þátttöku í samfélaginu.

Stórir og stefnumarkandi þættir á sviði skóla- og menntamála voru í farvatninu um það leyti sem skólaþingið var haldið bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga og tóku áherslur þingsins mið af þeim. Þar bar hæst ný frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla ásamt frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna. Þá lá fyrir þinginu fyrsta stefnumörkun sambandsins í skólamálum ásamt ítarlegri greinargerð þar sem óskað var eftir lokaathugsemdum þinggesta áður en hún yrði lögð fyrir stjórn sambandsins til samþykktar. Síðast en ekki síst var kynnt á skólaþinginu afrakstur vinnu við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir grunnskólastarf til 2020. Um merkileg tímamót var því að ræða í margvíslegu tilliti í þessum mikilvæga málaflokki og undirstrikaði þýðingu þess að sveitarstjórnarfolk og stjórnendur skólamála eigi með sér slíkan samráðsvettvang sem skólaþingið er.

Fyrirkomulag þingsins miðaði að því að virkja þátttakendur þess sem best í umræðum þannig að



Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir voru meðal þátttakenda á Skólaþingi sveitarfélaga 2007.

\* Á vefsíðunni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing) má finna þau erindi, glæsur eða önnur fylgiskjöl sem vísað er til í skýrslunni.

eftir þingið lægju fyrir gögn og áherslur sem nýttust til áframhaldandi starfa fulltrúa sambandsins í þeim viðamiklu málum um sem fyrir þinginu lágu. Þinggestum var því skipað í 10-12 manna umræðuhópa, hver með sinn umræðustjóra\*, og gefinn var góður tími til umræðna. Umræðustjórar fengu í hendur ákveðnar spurningar\* á grundvelli erinda sem flutt voru og fylgdu þeir þeim eftir, hver í sínum hópi. Þeir tóku svo saman helstu niðurstöður til frekari úrvinnslu sambandsins eftir þingið. Hafa þær verið dregnar saman og fylgja hér á eftir í 2. kafla skýrslunnar.

### Helstu niðurstöður í örstuttu máli

Þátttakendur lýstu almennt yfir ánægju með þær áherslubreytingar greina mætti í nýjum skólafrumvörpum en lýstu jafnframt áhyggjum yfir þeim útgjaldauka sem framkvæmd þeirra myndi óhjákvæmilega hafa í för með sér fyrir sveitarfélögin. Nauðsynlegt væri að vöktun kostnaðaráhrifa færi fram með markvissum hætti við innleiðingu nýrra laga.

Samstarfsverkefni FG, SÍ og sambandsins um mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarf til ársins 2020 vakti ánægju og væntingar meðal þinggesta um nýja og betri tíma í samskiptum þessara aðila, bæði í faglegu og kjaralegu tilliti. Jafnframt mátti þó greina ugg meðal margra um að dýrari kjarasamningar væru í farvatninu sem reynst gætu fámennari sveitarfélögum þungur baggi. Nauðsynlegt væri að kynna vel þessa stefnumörkun og hvernig framkvæmd, mati og eftirfylgd yrði hagað.

Nýrri skólamálastefnu sambandsins var vel tekið af þinggestum sem töldu tímabært að sambandið skilgreindi betur hlutverk sitt í þessum málaflokki án

þess að leiðast út í forræðishyggju. Fjöldi spurninga vaknaði í kjölfarið um hvernig sambandið hygðist uppfylla skyldur sínar og fram komu góðar ábendingar í því samhengi. Mikilvægi fræðslunefnda í sveitarfélögum kom einnig til tals undir þessum lið og áhyggjum lýst af ólíkum forsendum þeirra til að standa undir eftirlitshlutverki sínu og öðrum skyldum.

Undir lok þingsins voru gestir beðnir um að horfa til framtíðar og setja niður hugmyndir sínar um þróun skólahalds. Augljóst er af þeim niðurstöðum að þingið sótti fólk með mikinn metnað fyrir hönd skólastarfs í landinu. Áherslan til framtíðar var m.a. á aukin gæði



Starfshættir í Norðlingaskóla voru kynntir á Skólapinginu 2007 og vöktu verðskuldaða athygli

\* Á vefsíðunni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing) má finna þau erindi, glærur eða önnur fylgiskjöl sem vísað er til í skýrslunni.

## 2. kafli Skólaþing sveitarfélaga

Að lokinni setningarræðu formanns sambandsins tóku til máls Guðrún Ebba Ólafsdóttir\*, formaður grunnskólaganefndar, og Valborg Snævarr, formaður leikskólaganefndar, og fjölluðu þær um helstu áherslur og breytingar sem ný frumvörp boða. Guðjón Bragason\*, sviðsstjóri lögfræðisviðs samanbandsins tók svo við og fjallaði um áhrif nýrra frumvarpa til laga um leik- og grunnskóla á skólahald og skólarekstur sveitarfélaga. Í kjölfarið hófust svo umræður um lagafrumvörpin við hvert borð. Fengu umræðuhóparnir það verkefni að fjalla um og leita svara við tveimur spurningum þar að lútandi. Sú fyrri var:

*Er eitthvað í frumvörpum til laga um leik- og grunnskóla sem felur í sér sérstakar áskoranir og/eða tækifæri fyrir sveitarfélög?*

Í stuttu máli má segja að þinggestir lýstu sig almennt ánægðar með þær breytingar sem frumvörpin boðuðu. Þau voru talin hvetja til frekari sveigjanleika og svigrúms í starfsháttum skóla, aukins samstarfs milli skólastiga, við foreldra og grenndarsamfélagið og undirstrika sjálfstæði sveitarfélaga til að ráðstafa skólamálum í samræmi við aðstæður og umhverfi og skapa sér sérstöðu. Sérstakri ánægju var lýst með lögfestingu möguleika á samrekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla og töldu þátttakendur það geta leitt til öflugs þróunar- og nýbreytnistarfs. Skipting verkefna, ábyrgðar og kostnaðar við rekstur og skólahald milli ríkis og sveitarfélaga er skýrari en áður. Ýmsir álitu þó væntanlega löggjöf of ítarlega og boða áfram mikla miðstýringu menntamálaráðuneytisins. Markmið sambandsins um rammalöggjöf fyrir leik- og grunnskóla hafi ekki hlotið hljómgrunn hjá nefndafulltrúum. Afrakstur þessarar umræðu má finna í heild sinni á vefslóðinni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).

Síðari spurningin hljóðaði svo:

*Er eitthvað í frumvörpum til laga um leik- og grunnskóla sem þú telur ástæðu til að hafa áhyggjur af vegna hagsmuna sveitarfélaga?*

Í allri umræðu um setningu nýrra laga um leik- og grunnskólastigið mátti heyra áhyggjur sveitarstjórnarmanna og starfsfólks skólamála af kostnaðarauka sveitarfélaga sem hlytist af nýjum lagaskyldum og töldu það afar mikilvægt að samið

yrði við ríkið um aukna tekjustofna sem og að vöktuð yrðu kostnaðaráhrif við innleiðingu laganna. Nefndar voru sérstaklega nýjar og/eða auknar skyldur sveitarfélaga vegna mats- og eftirlits með skólastarfi og sérfræðipjónustu. Þá lýstu ýmsir efasemdum með að lögbinda heimild til foreldra um val á grunnskóla fyrir barn sitt. Það gæti reynst illfrákvæmanlegt í dreifbýli og kallað á aukinn kostnað sveitarfélaga vegna skólaaksturs. Þá lýstu margir áhyggjum af framkvæmd 5. greinar laganna um skyldu sveitarfélaga til að veita börnum skólavist sem ekki eiga lögheimili sitt þar. Lögð var á það rík áhersla að útbúnar yrðu skýrar verklagsreglur með hagsmuni allra nemenda að leiðarljósi auk samræmdra viðmiðunarreglna um kostnaðarskiptingu svo komast mætti hjá óþarfa ágreiningi. Finna má yfirlit umræðunnar á vefslóðinni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).

### Ávarp menntamálaráðherra

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir<sup>5</sup>, ávarpaði skólaþingið og kom m.a. inn á þýðingu frumvarpa til laga um leik-, grunn-, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda fyrir þróun heildstæðs skólakerfis og lýsti því meginmarkmiði endurskoðunar laganna að styrkja menntun á öllum skólastigum með velferð barna og nemenda að leiðarljósi. Samfella milli skólastiga og sveigjanleiki hafi verið leiðarljós við þá vinnu sem fram fór. Þá ræddi menntamálaráðherra um samstarf ráðuneytis við sambandið um mat á kostnaðaráhrifum nýrra frumvarpa sem boði að forræði og ábyrgð sveitarfélaga á starfsemi leik- og grunnskóla væri styrkt og gerð afráttarlausari. Ráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að flutningur grunnskólans yfir til sveitarfélaga á sínum tíma hafi verið mikið gæfuspör fyrir þróun skólamála, sem sýnt hafi mikinn metnað í rekstri hans og bættri þjónustu við nemendur og fjölskyldur þeirra. Góður rómur var gerður að ræðu ráðherra sem svaraði fyrirspurnum þinggesta að loknu erindi sínu. Ræðuna í heild sinni má finna á fyrrgreindri vefslóð skólaþingsins.

### Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf

Kynning á samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands um mótun framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarf til ársins 2020\* tók við eftir hádegið.

Karl Björnsson\*, sviðsstjóri kjarasviðs, kynnti upphaflegu hugmyndina að þessu verkefni og hvernig hún þróaðist. Þá greindu Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík og fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn framtíðarsýnar, og Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla og fulltrúi SÍ í verkefnisstjórn, frá starfinu, væntingum sínum til afraksturs þess og mikilvægis fyrir sveitarfélög og skóla.

## Skólamálastefna sambandsins

Kristín Hreinsdóttir,<sup>9</sup> framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands, gerði grein fyrir vinnu við fyrstu skólamálastefnu sambandsins<sup>9</sup> og hvaða þýðingu slík stefnumótun hefði fyrir sveitarfélög. Ítarleg greinargerð<sup>10</sup> fylgir skólamálastefnunni og tekur til þess með hvaða hætti sambandið hyggst uppfylla hlutverk sitt í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í þessum málaflokki.

Panelumræða um skólamálastefnuna fylgdi í kjölfarið. Þátttakendur í panel voru þau María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, Kristín Jónsdóttir, formaður skólamálanefndar FG, Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri, og Finnboði Rögnvaldsson, formaður fræðslunefndar Borgarbyggðar. Lýstu þau yfir mikilli ánægju með tilkomu fyrstu skólamálastefnu sambandsins og töldu hana skýra mjög línur varðandi áherslur og hlutverk sambandsins í þessum málefnum. Fulltrúi heimilis og skóla taldi þó vanta ríkari áherslu á mikilvægi foreldra og aðrir bentu á að jafnframt hefði mátt gefa málefnum innflytjenda skil. Það var þó ítrekað að skólamálastefnu sambandsins er ekki ætlað að vera fyrirmynd að skólafélögum sveitarfélaga heldur fyrst og fremst að vera þeim til upplýsingar um hlutverk sambandsins við að gæta hagsmuna þeirra í þessum efnum. Það sé svo hvers sveitarfélags í samstarfi við skóla þess að marka eigin áherslur í starfsemi skóla. Þarna sé fín lína á milli sem ekki er alltaf nægjanlega vel skilgreind. Lögð var áhersla á mikilvægi eftirfylgdar með stefnunni og sambandið rækta skyldur sínar eins og lagt væri upp með.

Við lok panelumræðu tóku við umræður við hvert borð um áframhald faglegs samstarfs á sviði skólamála, um skólamálastefnu sambandsins og um framtíðarskólann á grundvelli þriggja spurninga sem umræðustjórar lögðu fyrir þátttakendur. Fyrsta spurning hljóðaði svo:

\* Á vefsíðunni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing) má finna þau erindi, glærur eða önnur fylgiskjöl sem vísað er til í skýrslunni.

*Hvað finnst þér um afrakstur sameiginlegrar vinnu sambandsins, FG og SÍ um mótun framtíðarstefnu fyrir grunnskólustarf og hvernig ætti framhaldið að vera?*

Þingmenn lýstu mikilli ánægju með löngu tímabæran samstarfsvettvang sem náðist um sameiginlega, faglega framtíðarsýn fyrir grunnskólustarf milli SÍ, FG og fulltrúa sveitarfélaga til ársins 2020. Fólk taldi mikilvægt að greina góðan samhljóm milli hennar og nýrrar skólalöggjafar. Þá töldu þátttakendur afrakstur þessarar vinnu geta gagnast sveitarfélögum vel við mótun eða uppfærslu eigin skólafélaga, sér í lagi aðferðafræðin og þau viðmið og mælikvarðar sem lögð eru til grundvallar. Eins bundu menn vonir við hagnýtingu framtíðarsýnar við gerð kjarasamninga við kennara og skólastjóra og töldu þessa vinnu leggja grunn að auknu trausti milli aðila og bættu andrúmslofti bæði í launanefnd og faglegu samstarfi þess utan. Engu að síður mátti jafnframt greina ugg vegna fjármögnunar dýrra samninga og hvernig sveitarfélög gætu mætt slíku. Þá væri nauðsynlegt að kynna þetta stefnuþag vel í sveitarfélögum, skilgreina vel árangursmat og eftirfylgd með stefnunni og þann stuðning og ráðgjöf sem sveitarfélögum stæði til boða sem kysu að fara þessa leið við eigin stefnumörkun í málefnum skóla og menntunar.

Yfirlit umræðunnar er á vefslóðinni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).

Næsta spurning sem umræðuhópar tóku til umfjöllunar var:

*Hver er gagnsemi skólamálastefnu sambandsins að þínu mati? Tekur skólamálastefna sambandsins til þeirra þátta sem mikilvægast er að leggja áherslu á? Vantar einhverja þætti inn í stefnumörkunina?*

Í máli þingmanna kom fram að skólamálastefna sambandsins væri sveitarfélögum þýðingarmikið leiðarljós og sambandið gegni mikilvægu hlutverki varðandi samræmingu ákveðinna þátta í skólafélögum sveitarfélaga ásamt því að fylgjast með þróun skóla- og menntamála. Þó beri að forðast of mikla miðstýringu eða forræðishyggju. Í stefnunni kæmu fram sameiginleg gildi og hagsmunamál sveitarfélaga og ljóst að lögð hefði verið fram bæði mikil og metnaðarfull vinna við gerð hennar. Hún væri leiðbeinandi fremur en stýrandi, almennt orðuð, gefur ákveðinn ramma og bjóði upp á sveigjanleika í sveitarfélögum við útfærslu. Fyrst og fremst nýtist hún sem stuðningur við skólarekstur sveitarfélaga og upplýsi um það hlutverk og þau verkefni sem sambandið rækir í hagsmunagæslu sinni fyrir sveitarfélög í þessum málaflokki. Nauðsynlegt hafi verið fyrir



sambandið að skilgreina verksvið sitt í skólamállum. Fram komu vangaveltur um framkvæmd skólamálastefnunnar, hvernig t.a.m. upplýsingamiðlun til sveitarfélaga verði háttað, mikilvægi þess að heimasíða sambandsins verði aðgengilegri og hagnýtari í því samhengi m.a. og að sambandið þyrfti að verða öflugri milligönguaðili með frjórri upplýsingaveitu. Hins vegar þyrfti að skerpa betur á eftirfylgd með stefnunni og skilgreina frekar leiðir að stefnumiðum hennar. Þá kom fram gagnrýni á stefnuna fyrir að vera of grunnskólamiðuð á kostnað leik- og tónlistarskóla og umfjöllun um starfsfólk skólanna og fjölmenningsarsamfélagið vantaði. Þá spannst umræðan einnig um mikilvægi skóla- og fræðslunefnda í sveitarfélögum, að eftirlitshlutverk þeirra með rekstri og faglegu starfi skóla þurfi að vera skýrt en jafnframt lýst áhyggjum af misjöfnum forsendum sveitarfélaga til að standa undir nýjum skyldum í þeim efnum skv. frumvörpum til skólalaga.

Heildaryfirlit umræðunnar er að finna á áður nefndri vefslóð: [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).

Að lokum fengu þátttakendur skólaþings eftirfarandi spurningu til þess að kljást við með tilvísun til yfirskriftar þingsins:

*Hvernig lítur „Framtíðarskólinn“ út að þínu mati? Hvert skal stefna? Hvað ber að varast?*

Undir þessari spurningu komust þinggestir á gott flug og töldu m.a. að í framtíðarskólanum væru skil milli skólastiga og bekkjarmörk líklega horfin. Skólinn sinnti börnum frá eins árs aldri til átján ára undir einu þaki með áherslu á sérstöðu og styrkleika hvers aldurs skeiðs fyrir sig og einstaklingsbundnar forsendur til náms. Velliðan nemenda og starfsfólks væri sett í öndvegi og skólinn drifinn áfram af hvöt til árangurs sem metinn væri í þroska, einkunnum, hæfni og leikni. Hver skóli



Þátttakendur í Skólaþinginu tóku virkan þátt í umræðum um framtíðarskólann. Hér er Páll Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð, umræðustjóri í einum hópnum.

nyti sérstöðu sinnar í samhengi við umhverfi, aðstæður og áherslur og miðlæggar skorður ríkis, sveitarfélaga og kjarasamninga við skólastarfi vikju smám saman úr vegi. Skólinn væri orðinn aðdráttarafl í sjálfu sér, miðstöð þar sem börn fái heildstæða þjónustu sem innt verði af hendi af ólíkum fagstéttum til viðbótar við menntaða kennara. Jafnhliða væri mikilvægt að þróa sameiginleg sýn hagsmunaaðila á skólastarfið, samstarf ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum væri tryggt og skólafólk fullt af eldmóði. Allir stefndu samstíga að sama marki í þágu nemenda, þroska þeirra, menntunar og vellíðunar.

Í framtíðarskólanum væri markvisst unnið gegn brottfalli úr námi, horft betur til þarfa bráðgera barna en nú væri reyndin og gerðar tilraunir með virka þátttöku áhugasamra foreldra í skólastarfi. Nefndu nokkrir þátttakenda Norðlingaskóla sem gott dæmi um framtíðarskólann. Yfirlit umræðunnar í heild er aðgengilegt á vefslóðinni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).

#### Er framtíðarskólinn í burðarliðnum?

Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla hélt lokaerindi skólaþings sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Er framtíðarskólinn í burðarliðnum“. Karl Frimannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafirði ætlaði jafnframt að flytja erindi undir þessum lið en átti ekki heimangengt vegna ófærðar.

Norðlingaskóli er á sínu þriðja starfsári og hafa starfshættir þar verið með talsvert öðrum hætti en í grunnskólum almennt. Sú nýbreytni grundvallast m.a. á tilraunasamkomulagi sem gert var í upphafi við alla kennara skólann og byggir á bókun 5 í kjarasamningi KÍ og LN frá 14. nóvember 2004. Meginbreytingin fólst í því að kennarar skiluðu vinnu sinni á vinnustað á tímabilinu frá kl. 8:00-17:00 og heimild til skólastjóra til þess að aðlaga vinnutilhögun þörfum skólastarfs hverju sinni í samráði við kennara gegn verulegri launahækkun. Sveigjanleiki í fyrirkomulagi skólastarfs er mjög mikill og getur hver kennari verið með 6-8 mismunandi stundaskrár yfir veturinn.

Tilraunastarfið í Norðlingaskóla hefur gengið afar vel að sögn Sifjar, og gefur góð fyrirheit um áframhald á sömu braut. Vel hefur verið fylgst með framgangi tilraunaverkefnisins og liggur fyrir ein úttektarskýrsla Félagsvísindastofnunar HÍ eftir fyrsta veturinn og önnur er væntanleg eftir veturinn í vetur. Bent er á glæsur Sifjar\* auk heimasíðu skólans [www.nordlingaskoli.is](http://www.nordlingaskoli.is) til frekari upplýsingar.




# Mat þátttakenda

Að loknu Skólapingi sveitarfélaga 2007, nánar tiltekið dagana 4.-10. desember, vann fyrirtækið Aicon-SURVEY könnun fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að kanna viðhorf þátttakenda til þingsins. Alls fengu 161 þátttakandi senda viðhorfskönnun\* í tölvupósti og var svarhlutfall 60,25%\*.

Um 73% svarenda eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og miðað við heildarfjölda skráðra þátttakenda er hlutfalli landsbyggðarfólks nær því að vera 80%. Er þetta athyglisverð skipting í ljósi þess að aðeins rúm 37% landsmanna teljast til íbúa utan höfuðborgarsvæðisins. Tiltölulega jafnt hlutfall sveitarstjórnarmanna, starfsmanna við stjórnvísu sveitarfélags (þ.m.t. ráðnir bæjar- og sveitarstjórnar) og starfsmanna leik- og grunnskóla mættu til leiks, eða um þriðjungur úr hverjum hópi. Til samanburðar má geta þess að á málstofu sambandsins um skólamál sem haldin var 6. mars 2006 var tæpur fjórðungur þátttakenda sveitarstjórnarmenn. Vonandi má líta á fjölgun fulltrúa úr þeim hópi sem vísbendingu um aukinn áhuga á málefnum skóla og menntunar og mikilvægi fyrir heildarhagsmuni sveitarfélaga.


## Ég er...



Í heildina er ljóst að þátttakendur á Skólapingi sveitarfélaga 2007 hafa verið ánægðir með hagnýtt gildi skólapingins, hlutverk þess sem samráðsvettvangs sveitarfélaga í skólamálum og skipulag þingsins. 97-8% þátttakenda lýstu ánægju sinni með þessa þætti.

\* Á vefsíðunni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing) má finna þau erindi, glærur eða önnur fylgiskjöl sem vísað er til í skýrslunni.

## Ég er ánægð/ur með skólapingið sem samráðsvettvang



Það er því ljóst að sambandið mun halda sínu striki varðandi fyrirkomulag skólapinga og verða þau haldin, eins og áður hefur komið fram, annað hvert ár. Hins vegar er jafnframt afar gagnlegt við undirbúning næstu þinga að fá skoðanir þátttakenda á því sem þeim fannst mega gera betur og verða þær upplýsingar hagnýttar við skipulag þeirra. Gagnlegar athugasemdir komu t.a.m. fram varðandi skipulag umræðna á þinginu, tímasetningu þess og lengd og hugmyndir að efni til umræðu á næstu þingum. Í því samhengi má nefna samstarf skóla af svipaðri stærðargráðu og að gefa þyrfti skólum á landsbyggðinni meiri möguleika á samráði þar sem skólamálaumræðan þótti orðin of „höfuðborgarmiðuð“.

Er öllum þeim sem þátt tóku í þessari viðhorfskönnun þakkað gott samstarf og mikilsvert framlag sem gagnast starfsmönnum við áframhaldandi þróun skólapinga í þágu hagsmuna sveitarfélaga í þessum þýðingarmikla málaflokki.

Niðurstöður könnunarinnar í heild sinni, þ.m.t. ábendingar og athugasemdir svarenda, má nálgast á vefslóðinni [www.samband.is/skolathing](http://www.samband.is/skolathing).



Almennt voru þátttakendur ánægðir með hagnýtt gildi Skólapingins, hlutverk þess og skipulag.

# FRAMTÍÐARSKÓLINN

## Nýbreytniverkefni í skólamálum -kynt á skólapingi sveitarfélaga 30. október 2007



### Samband Íslenskra sveitarfélaga

#### TILRAUNAVERKEFNI Í 4 SVEITARFÉLÖGUM

Hag- og upplýsingasvið Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ýtt úr vör tilraunaverkefni með fjórum sveitarfélögum að norski fyrirmynd. Sveitarfélög safna gögnum um rekstrarkostnað, menntun kennara, árangur nemenda á samræmdum prófum og viðhorfum notenda til þjónustu grunnskólans í sveitarfélaginu. Á grundvelli þeirra gagna er gerður kerfisbundinn samanburður á grunnskólum innan sveitarfélagsins sem og milli sveitarfélaga og í framhaldinu er litið til góðra aðferða („best practices“) og reynt að læra af þeim. Markmiðið er að stuðla að bættri þjónustu, einangra þætti er hafa áhrif á gæði þjónustunnar og mati á eigin frammistöðu á ákveðnu tímabili og samanburði milli sveitarfélaga.

- Tengiliður: Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur
- [valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is](mailto:valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is)



### Borgarbyggð

#### BORGARFIJARBRÚIN

##### – samfella milli grunn- og framhaldsskóla

Próunarverkefni Grunnskóla Borgarbyggðar, Menntaskóla Borgarbyggðar og menntamálaráðuneytisins til þriggja ára sem hófst í desember 2006. Áhersla er lögð á að brúa bil milli skólastiga og gera átak í „menntasamgöngum“ í Borgarfirði. Markmið verkefnisins er að skapa samfelli milli skólastiganna, auka sveigjanleika milli og innan þeirra og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun, minna brottfall og aukni sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

- Tengiliður: Ársæll Guðmundsson, skólameistari
- [arsaell@menntaborg.is](mailto:arsaell@menntaborg.is)




### Reykjavíkurborg

#### NORÐLINGASKÓLI

Norðlingaskóli er nýr grunnskóli. Þar er breytt vinnutímaskipulag kennara sem byggt er á bókun 5 í kjarasamningi LN og KÍ. „Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri...til að taka upp í tilraunaskyni...hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga...“. Allir kennarar sem ráðnir hafa verið að skólanum frá því hann tók til starfa haustið 2005 hafa tekið þátt í tilrauninni. Gerð var úttekt af Félagsvísindastofnun HÍ á fyrsta starfsárinu í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir reynslu og væntingar ólíkra hópa sem málið varða til þessarar tilraunar með bókun 5 og starfsemi Norðlingaskóla með tilliti til nýrra starfshátta. Í lok þriðja starfsárs skólans, vorið 2008, er gert ráð fyrir að tilraunin verði metin að nýju eftir þriggja ára reynslu af þessu fyrirkomulagi.

- Tengiliður: Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri
- [sif@nordlingaskoli.is](mailto:sif@nordlingaskoli.is)



### Súðavíkurhreppur

#### „GÖNGUM YFIR BRÚNA“

##### Próunaráætlun fyrir Súðavíkurskóla

Heiti verkefnisins vísar til aukinnar samkennslu og samvinnu á milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla Súðavíkur. Samhliða er unnið að innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar (Restitution) eða „Uppeldi til ábyrgðar“ fyrir skólann í heild þar sem allir stefna í sömu átt. Í núverandi húsnæði starfa leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, félagsmiðstöð, félagsstarf aldraðra, bókasafn og íþróttahús.

- Tengiliður: Anna Lind Ragnarsdóttir, skólastjóri
- [annalind@sudavik.is](mailto:annalind@sudavik.is)



# FRAMTÍÐARSKÓLINN

## Kópavogsbær

### NÁMSKRÁ FYRIR ELSTU BÖRNIN Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS

Kveikjan að því að vinna sérstaka námskrá fyrir elstu börnin í Kópavogi voru umræður í samfélaginu og á meðal leikskólakennara um skólakerfið almennt og nám leikskólabarna, einkum þeirra elstu. Hvernig læra fimm ára börn mest og best? Námskráin var prófuð í öllum leikskólunum skólaárin 2004-2005 og 2005-2006. Verkefnastjórar í hverjum leikskóla, alls sextán skólum, sáu um framkvæmd hver á sínum stað. Endurskoðun fór fram vorin 2005 og 2006. Var álit verkefnastjóra að vel hafi tekist til. Námskráin ásamt fylgigögnum hefur nú verið gefin út og fæst á leikskólaskrifstofu Kópavogs.

- Tengiliður: Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi
- sesselja@kopavogur.is

## Mosfellsbær

### NÝTT SKÓLASTIG FRÁ 1-9 ÁRA ALDURS

Mosfellsbær vinnur að þróunarverkefni um hönnun, byggingu og mótun hugmyndafræði skólstarfsins og framkvæmd kennslu fyrir tvö hundruð barna skóla í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum eins til tveggja ára, leikskólabörnum á aldrinum tveggja til fimm ára og grunnskólabornum á aldrinum sex til níu ára. Auglýst var eftir teymi fagfólks sem legði fram tillögur um hugmyndafræði skólans og hönnun byggingar í samræmi við það og dómnefnd falið að vinna með þeim teyimum sem leggja fram frambærilegustu tillögurnar í gegnum svokallað samningskaupferli að frekari útfærslum. Skólasterfið tekur mið af Skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólasterf í leik- og grunnskólum. Lykilatriði er samfella í uppeldis- og skólasterfi sem og gæði og nýbreytni í þjónustu við leik- og grunnskólaborn.

- Tengiliður: Björn Þráinn Þórðarson, sviðsstjóri
- bth@mos.is

## Eyjafjarðarsveit

### EINSTAKLINGSMIÐAÐIR KENNSLUHÆTTIR

Í Hrafnagilsskóla við Eyjafjörð hafa verið gerðir sérstakir viðbótarsamningar við hluta kennara og eru þeir forsenda breyttra starfshátta við skólann þar sem einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru að festast í sessi. Þá hefur foreldrasamstarf markvisst verið aukið og er nú með fjölbreyttara sniði en áður. Þróunarverkefni er unnið við skólann sem miðar að fjölbreyttara námsmati og minni áherslu á skrifleg próf til þess að gefa áreiðanlegri upplýsingar um námsstöðu hvers og eins.

- Tengiliður: Karl Frímansson, skólastjóri
- karl@krummi.is

## Grindavíkurbær, Reykjanesbær og Kópavogsbær

### LOGOS

Logos er lestrargreiningartæki í tölvutæku formi, hannað til þess að aðstoða nemendur frá 3. bekk til fullorðinsára. Það er öflugt tæki til að greina og veita ráð til þeirra sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða. Það er byggt upp þannig að hægt er að grípa til viðeigandi ráðstafana fyrir nemandann að greiningu lokinni og gefur LOGOS tillögur að árangursríkum kennslufræðilegum úrræðum til þjálfunar. LOGOS er samstarfsverkefni 3ja sveitarfélaga.

- Tengiliður: Guðlaug Snorradóttir, sérkennari
- gudlausn@hjsk.kopavogur.is


## Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla

### HUGLÆGUR MATSLISTI GERD STRAND FYRIR 7 ÁRA

Listinn er safn spurninga úr helstu færni- og getuþáttum sem hafa áhrif á nám og líðan nemenda í grunnskóla. Markmiðið með matslistanum er að stuðla að enn faglegri og markvissari vinnubrögðum í grunnskólum og er hann samstarfsverkefni kennara úr báðum sýslum og stýrt af fræðslustjóra. Hann veitir foreldrum og kennurum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemandans, er stöðumat á ákveðnum færni- og getuþáttum og grunnur að síðari ákvörðunum um kennslu og nám nemandans. Notkun listans auðveldar faglega vinnu kennara og samvinnu þeirra við aðra sérfræðinga og foreldra.

Sú hugmynd er höfð að leiðarljósi að því meira sem unnið er af greiningum, mati, skimunum og áætlunum af starfsfólki í skólum, þeim mun líklegra er að starfsemin verði í samræmi við getu, eðli og þarfir hvers og eins nemanda.

- Tengiliður: Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri
- gol@mi.is



### Markmið Skólapinga sveitarfélaga

Markmið Skólapinga sveitarfélaga er að stefna saman stjórnendum og stefnumótendum skóla- og fræðslumála til að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga annars vegar og hins vegar þessara sömu aðila og fræðimanna á sviði skóla og menntunar hins vegar

### Skólamálastefnan er mikilvægt leiðarljós

Í máli þinggesta kom fram að skólamálastefna sambandsins væri sveitarfélögunum mikilvægt leiðarljós og gegnir sambandið mikilvægu hlutverki varðandi samræmda skólustefnu sveitarfélaga ásamt því að fylgjast með þróun skóla- og menntamála.